

Sp.

532. Fyrirspurnir.

[270. mál]

I. Til dómsmálaráðherra um lögfræðipjónustu fyrir efnalítið fólk.

Frá Svövu Jakobsdóttur.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að koma á fót lögfræðipjónustu fyrir efnalítið fólk í samræmi við þingsályktunartillögu sem vísað var til ríkisstjórnarinnar með jákvæðri umsögn 16. maí 1975?

II. Til forsætisráðherra um úthlutun lánsfjár til hagræðingar í frystihúsum.

Frá Jóni Skaftasyni.

I. Í sambandi við fjárhagserfiðleika frystiðnaðarins lofaði ríkisstjórnin fyrir nokkru að útvega lánsfé, 500 milljónir króna, sem lánað yrði til hagræðingar í frystihúsum.

Í því sambandi spyr ég:

1. Hefur þessu fé verið úthlutað?

2. Ef svo er, eftir hvaða reglum og til hvaða hagræðingar hefur því verið úthlutað?

3. Hverjir hafa fengið féð og hve mikið hver?

II. Hafi þessu fjármagni ekki verið úthlutað, þá spyr ég:

1. Hver mun annast úthlutunina?

2. Eftir hvaða reglum verður farið við úthlutun?

3. Hvenær lýkur úthlutun?

III. Gert er ráð fyrir að úthluta 350 milljónum króna úr gengishagnaðarsjóði í sama tilgangi. Ég spyr:

1. Hver mun annast úthlutun þessa fjár?

2. Eftir hvaða reglum verður farið við úthlutunina?

3. Hvaða gögn þurfa frystihúsin að leggja fram til þess að verða tekin til greina við úthlutunina?

4. Hvenær lýkur úthlutuninni?